



275. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 24. nóvember 2011 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Lárus Ástmar Hannesson, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Egill Egilsson, EE
Gretar D. Pálsson, GDP
Hjörleifur K. Hjörleifsson varamaður, HKH
Guðlaug J. Ágústdóttir, GJÁ
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Ástmar Hannesson setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 479 dags. 17.11.2011.

Fundargerð framlögð.

Liður 2 fundargerð nefndar um málefni fatlaðra dags. 31.10.2011 (5. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt. Bæjarstjóra falið að ræða við FSS um starfsstöð og húsnæðismál.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 22 tölvupóstur Ferðafélags Snæfellsness dags. 06.11.2011 varðandi styrkbeiðni vegna skilgreiningu og merkingu gönguleiða í Stykkishólmi.

Samþykkt að vísa erindinu til vinnuhóps um gönguleiðir, stíga og leikvelli. Ákvörðun um styrkbeiðni frestað.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 23 tölvupóstur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands dags. 03.11.2011 varðandi gjaldskrá og fjárhagsáætlun 2012 og endurskoðaða fjárhagsáætlun 2011.

Gjaldskrá og fjárhagsáætlun 2012 og endurskoðaða fjárhagsáætlun 2011 Heilbrigðiseftirlits Vesturlands samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GS og LÁH



Liður 24 bréf Umhverfisstofnunar, dags.18.10.2011 varðandi tilnefningu fulltrúa í vatnasvæðisnefnd.

Samþykkt að vísa bréfinu til umhverfisnefndar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: GDP,LÁH,DS og GS

Liður 25 bréf Umhverfisstofnunar, dags.21.10.2011 varðandi tilnefningar fulltrúa í vatnasvæðisnefndar.

Bæjarráð leggur til að sameiginlegur fulltrúi verði tilnefndur fyrir sveitarfélögin á Snæfellnesi í vatnasvæðisnefnd.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH og GS

Liður 26 bréf Kvenfélags Hringsins í Stykkishólmi, dags. 19.10.2011 varðandi áhyggjur þeirra af stöðu sjúkrahúsmála.

Bæjarráð tekur undir áhyggjur Kvenfélagsins. Bréfið áframsent til stjórnanda Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Forseta bæjarstjórnar falið að fara á fund Kvenfélagsins Hringsins og skýra frá stöðu mála.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GDP,GS,GJÁ,DS og LÁH

Liður 27 útboð á tryggingum Stykkishólmsbæjar frá 1.1.2012.

Samþykkt að leita eftir tilboðum í tryggingar Stykkishólmsbæjar frá eftirtöldum tryggingafélögum: Sjóvá, VÍS, Verði og TM.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 28 bréf Stígamóta, ódagsett, varðandi ósk um samstarf varðandi rekstur Stígamóta.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 29 samþykkt um meðhöndlun úrgangs hjá Stykkishólmsbæ og gjaldskrá.

Samþykktir og gjaldskrá samþykkt. Samþykkt að vísa samþykktum og gjaldskrá til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 32 tillaga bæjarstjóra um gjaldskrá útsvars og fasteignagjalda árið 2012.



Bæjarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga um að útsvar fyrir árið 2012 verði óbreytt miðað við fyrra ár þ.e. 14.48%.

Tillaga að álagningu fasteignagjalda árið 2012. Til samanburðar eru tölur fyrra árs innan sviga.

Fasteignaskattur A-flokkur	0,41%	(0,45%)
Fasteignaskattur B-flokkur	1,32%	(1,32%)
Fasteignaskattur C-flokkur	1,65%	(1,65%)
Lóðaleiga íbúðarhúsnæðis	1,44%	(2,00%)
Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis	2,50%	(2,50%)
Lóðarleiga ræktunarland	6,00%	(6,00%)
Holræsagjald íbúðarhúsnæði	0,22%	(0,24%)
Holræsagjald atvinnuhúsnæði	0,26%	(0,26%)

Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld pr. ílát/tunnu 39.800 kr. (35.850 kr.)
(miðað við byggingavísitölu 558,2 nóvember 2011.)

Sorphirðu og/eða sorpeyðingagjöld af fyrirtækjum verði innheimt skv. sérstakri gjaldskrá.

Elli- og örorkulífeyrisþegar:

Afsláttur á fasteignaskatti til örorku- og ellilífeyrisþega er tekjutengdur og er hámarksafsláttur kr. 63.100.- (59.800.-)

Afsláttur vegna einstaklinga:

Tekjumörk:	Afsláttur:
Milli 0 til 2.297.327	100% (0 til 2.177.561)
2.297.328 til 2.524.281	75% (2.177.562 til 2.392.683)
2.524.282 til 2.770.918	50% (2.392.684 til 2.626.463)
2.770.918 til 3.004.819	25% (2.626.464 til 2.848.170)
3.004.819 og hærra	0% (2.848.170 og hærra)

Afsláttur vegna hjóna:

Tekjumörk:	Afsláttur:
Milli 0 til 3.881.370	100% (Milli 0 til 3.679.024)
3.881.371 til 4.111.798	75% (3.679.024 til 3.897.439)
4.111.799 til 4.356.120	50% (3.897.440 til 4.129.024)
4.356.121 til 4.579.601	25% (4.129.025 til 4.340.854)
4.579.602 og hærra	0% (4.340.854 og hærra)

Gjalddagar fasteignagjalda verða 5 talsins á tveggja mánaða fresti þ.e. febrúar, apríl, júní, ágúst, október, fyrst 1. febrúar 2012.

Tillaga samþykkt.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 33 tillaga að gjaldskrá leikskóla 2012.

Leikskólinn í Stykkishólmi

Tillaga að hækkun gjaldskrár 01.01.2012

	STH 1.1.2011		Tillaga 1.1.2012
Vistgjald	2.970	pr klst á mán	3.120
Morgunhressing	1.694	á mán.	1.780
Síðdegishressing	1.694	á mán.	1.780
Hádegismatur	3.751	á mán.	3.950
Vistgjald 4 st	4	11.880	12.480
Vistgjald 5 st	5	14.850	15.600
Vistgjald 6 st	6	17.820	18.720
Vistgjald 7 st	7	20.790	21.840
Vistgjald 8 st	8	23.760	24.960
Vistgjald 9 st	9	26.730	28.080
Systkinaafsl	25%,50%		50%, 100%
Einst for.	35%		40%

Skýring:

Tillaga: Hækka gjaldskrá um 5% mv. 1.1.2012

Tillaga: Hækka systkinaafslátt 2. systkini úr 25% í 50%

Tillaga: Hækka systkinaafslátt 3. systkini úr 50% í 100% í leikskóla

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 34 Endurfjármögnum lána.

Samþykkt að fela bærarstjóra og bæjarritara að endurskoða lánasafn Stykkishólmsbæjar með lengingu lána og uppgreiðslu lána í huga.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: GDP

Gretar leggur til að bráðabirgða uppgjör verði lagt fram mánaðarlega frá 1.1. 2012.



Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: GDP,LÁH,DS og GS

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

- 2.1. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra dags. 31.10.2011.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tóku: GDP,GS,BA,DS,LÁH og GJÁ

- 2.2. Fundargerð nefndar um málefni fatlaðra, dags. 31.10.2011.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.
- 2.3. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskólans, dags. 01.11.2011.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tók: GDP,LÁH og GS

- 2.4. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 03.11.2011.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tók: GDP og GS

3. Fjármál.

- 3.1. Drög að fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2012 - fyrri umræða.**

Þór Örn bæjarritari gerði grein fyrir fyrstu drögum að fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2012.
Samþykkt að vísa fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2012 til seinni umræðu.

Til máls tók: GDP,DS og LÁH

4. Önnur mál.

- 4.1. Erindisbréf. Vinnuhópur vegna gönguleiða, stíga og leikvalla í Stykkishólmi.**

Erindisbréf samþykkt með áorðnum breytingum.

Til máls tóku: GS,BA,HKH og GDP



4.2. Erindisbréf. Vinnuhópur um ný atvinnutækifæri.
Erindisbréf samþykkt.
Til máls tók: GDP,BA og DS

Fundargerðin upplestin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 18:03
Þór Örn Jónsson